


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3	Húsaviðgerðir og breytingar	
	HÚB102	
	Kennsluáætlun vorönn 2012	

Kennari	Guðmundur Óskar Guðmundsson	Sk.st.	GÓS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:


Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingarsögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðarvirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingarhlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingavinnu. Áfanginn er ætlaður fyrir verðandi húsasmiði.


Markmið:

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja
 - þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum
 - hafi innsýn í byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi
 - geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi
 - geri sér grein fyrir mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
 - þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingavinnu
- þekki algengustu skemmdir á tré, steinsteypu og málmum utanhúss
 - kunni skil á skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
 - viti hvernig gert er við trévirkni án þess að rýra burðargetu þess
 - geti greint steypuskemmdir og metið umfang þeirra í grófum dráttum
 - þekki orsakir og afleiðingar tæringar og veðrunar á málmum
- kunni skil á notkun bárujárns í klæðningar héraendis
 - þekki eiginleika og notkunarvið bárujárns sem klæðningarefnis
 - hafi þekkingu á uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
 - þekki frágang bárujárns við mismunandi byggingarhluta
 - hafi innsýn í málun og viðhald bárujárnsklæðninga
- þekki til nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri
 - þekki smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
 - viti um tæknilegar útfærslur á tengingu eldri og nýrra byggingarhluta
 - þekki endurnýjun á gleri og útfærslur á glerjun hallandi byggingarhluta
 - kunni skil á mismunandi hurðakerfum í glerskálum og glervirkjum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Húsaviðgerðir og breytingar HÚB102 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	Húsaviðgerðir og breytingar	
	HÚB102	
	Kennsluáætlun vorönn 2012	

Námsgögn:

Kennslubók er ekki fyrir hendi en kennari notar safn heimilda um námsefnið sem er sett fram í fyrirlestrarformi með stuðningi ljósrita, mynda og heimilda af netinu.

Nemandi safnar saman upplýsingum úr tímum og býr til vinnumöppu

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Til ráðstöfunar eru sextíu kennslutímar sem skiptast á önninni á vikurnar 2 - 18 og nýttur þannig í megin dráttum:

Vika 2 Fjórir tímar í kynningu á námsefni, verktilhögun og könnun á stöðu nemendahópsins.

Vika 3 og 4 Átta tímar verkefnavinna heima eða á bókasafni um Þjóðminjalög- Húsafriðunarnefnd og húsafriðunarsjóð, (hópavinna).

Vika 5 og 6 Skil á verkefni 1, umræður og mat.

Vika 6 til 18 Skoðað eins og aðstæður leyfa frá töflu faglegar úrlausnir tengdar viðgerðum og breytingum á húsi, húshlutum og innréttingum. Byrjað á undirstöðu og farið í gegn um allt húsið. Tvö verkefni eða skyndipróf unnin á tímabilinu.

Skoðunarferðir á áhugaverða staði sem henta faggreininni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni 1	20%
Verkefni 2	10%
Verkefni 3	10%
Lokapróf	60%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils